

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Dalbrautarreits.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 28. maí 2019 breytingu á greinargerð deiliskipulags Dalbrautarreits.

Breytingin varðar töflu 2 í kafla 3.5.3 varðandi lágmarksfjölda íbúða. Tekið er út orðið „lágmarksfjöldi“ í töflu.

Í töflu 5 undir kafla 3.7 er fjölda bílastæða í kjallara við Dalbraut 4, breytt úr 45 stæðum í 35 stæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 29. maí 2019.

Steinar Adolfsson,
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.